



## Áætlun um aðgerðir í jafnréttismálum 2015-2017

Þann 25. mars 2014 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar stefnu sveitarfélagsins í mannréttindamálum. Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni sem birtist í öllum helstu mannréttindasamþykktum og kveður á um að allar manneskjur skuli njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, lífs- eða stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar eða annarra tilfallandi eiginleika eða stöðu.

Í kafla 2 í mannréttindastefnunni er fjallað um jafnrétti kynjanna (sjá fylgiskjal). Þar segir meðal annars:

*„Mismunun á grundvelli kyns er óheimil. Akraneskaupstaður er aðili að Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna í sveitarfélögum og héruðum og hefur sem slíkur skuldbundið sig til þess að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir konur og karla til þátttöku og áhrifa í samfélaginu. Jafnframt einsetja fulltrúar Akraneskaupstaðar sér að vinna markvisst gegn hvers konar mismunun og hamlandi staðalímyndum um hlutverk kynjanna“.*

Aðgerðaráætlun Akraneskaupstaðar í jafnréttismálum miðast við að kortleggja þurfi stöðu jafnréttismála og fræða stjórnendur um kynjasambættingu áður en frekari aðgerðir eru ákveðnar.

### 1. Úttekt á stöðu jafnréttismála hjá Akraneskaupstað

Á tímabilinu skal fara fram úttekt á stöðu jafnréttismála hjá sveitarfélaginu sem felur í sér eftirtaldar greiningar:

- Könnun á kynbundnum mun á launum starfsmanna Akraneskaupstaðar.
- Úttekt á þátttöku og skipun kynjanna í nefndum og starfshópum á vegum sveitarfélagsins.
- Úttekt á því hvernig styrkir sveitarfélagsins til félagasamtaka og verkefna nýtast hvoru kyni.

Niðurstöður ofangreindra úttekta skulu hafðar til hliðsjónar við endurskoðun áætlunarinnar sem unnið verður að í lok áætlunartímabilsins. Ný áætlun skal liggja fyrir í desember 2017.

### 2. Námskeið í kynjasambættingu

Á fyrri hluta ársins 2016 skal haldið námskeið í kynjasambættingu fyrir bæjarfulltrúa, fulltrúa í ráðum sveitarfélagsins og æðstu stjórnendur til að stuðla að því að sjónarmið og hagsmunir beggja kynja séu höfð í huga í allri ákvörðunartöku í sveitarfélaginu. Á námskeiðinu skal meðal annars fjallað um kynjaða fjárhagsáætlunargerð.

*Samþykkt af velferðar- og mannréttindaráði Akraneskaupstaðar þann 4. nóvember 2015.*

Fylgiskjal: Annar kafli mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar þann 25. mars 2014, um jafnrétti kynjanna.

## Annar kafli

### 2. Jafnrétti kynjanna<sup>1</sup>

*Konur og karlar skulu njóta jafnréttis í hvívetna.*

(2. mgr. 65. greinar Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands)

*Jafnrétti kvenna og karla er grundvallarréttur okkar allra og grunngildi í öllum lýðræðisríkjum.*

(úr Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna í sveitarfélögum og héruðum)

Mismunun á grundvelli kyns er óheimil. Akraneskaupstaður er aðili að Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna í sveitarfélögum og héruðum og hefur sem slíkur skuldbundið sig til þess að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir konur og karla til þátttöku og áhrifa í samfélaginu. Jafnframt einsetja fulltrúar Akraneskaupstaðar sér að vinna markvisst gegn hvers konar mismunun og hamlandi staðalímyndum um hlutverk kynjanna.

#### **2.1. Akraneskaupstaður sem stjórnvald**

Viðhorf og framlag bæði karla og kvenna skulu liggja til grundvallar allri ákvarðanatöku, áætlanagerð og útdeilingu fjármagns á vegum Akraneskaupstaðar. Þá skal jafnræði karla og kvenna haft að leiðarljósi við skipan í nefndir, starfshópa, í stefnumótunarvinnu og ætíð þegar meiriháttar ákvarðanir eru teknar á vettvangi stjórnsýslunnar. Þess skal gætt að karlar og konur hafi jafnt aðgengi til áhrifa innan stjórnsýslunnar.

2.1.1. Þess skal gætt að samráð og samstarf sé haft við bæði karla og konur við fjárhagsáætlanagerð og útdeilingu fjármagns til verkefna sem Akraneskaupstaður ýmist rekur eða styrkir.

2.1.2. Sérstaklega skal huga að þeim áhrifum sem ákvarðanir og stefnumótun af hálfu Akraneskaupstaðar kann að hafa á stöðu karla og kvenna.

2.1.3. Fulltrúar Akraneskaupstaðar einsetja sér að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt. Skal öll önnur stefnumótun kaupstaðarins endurspeglja þetta markmið.

---

<sup>1</sup> 2. kafli fjallar sérstaklega um jafna stöðu karla og kvenna og því er í þessum kafla eingöngu fjallað um tvö kyn, karla og konur. Við stefnumótunina liggur þó fyrir skilningur á því að kynin eru ekki bara tvö og til eru einstaklingar sem skilgreina sig hvorki sem karl né konu. Sérstakt tillit skal taka til einstaklinga sem falla í þann hóp.

## **2.2. Akraneskaupstaður sem atvinnurekandi**

Stjórnendur Akraneskaupstaðar einsetja sér að skipuleggja starfsumhverfi bæjarins þannig að konur og karlar njóti jafnréttis á vinnustöðum og jafns aðgengis að störfum. Með virkri stefnumótun í jafnréttis- og starfsmannamálum skal stuðlað að jafnrétti í reynd.

2.2.1. Í öllum starfsauglýsingum á vegum Akraneskaupstaðar og stofnana hans skal gæta jafnræðis hópa og jafnrar virðingar kynjanna. Hlutleysis um kyn skal gætt við gerð auglýsinga, en sé um að ræða starf á starfsvettvangi þar sem hallar á annað kynið skal vakin sérstök athygli á því markmiði 18. gr. jafnréttislaga að jafna kynjaskiptingu innan viðkomandi starfsgreinar.

2.2.2. Við ráðningu í starf á vegum Akraneskaupstaðar skulu jafnréttissjónarmið vega jafn þungt og önnur sjónarmið. Umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta á vinnustað skal að jafnaði ganga fyrir við ráðningu, að því gefnu að hann sé jafnhæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur. Óheimilt er að mismuna kynjunum á grundvelli hjúskaparstöðu, þungunar, hugsanlegra barneigna eða í nokkrum öðrum þeim atriðum sem ætla má að kynbundnir einkahagir geti haft áhrif á. Sömu sjónarmiða skal gætt við uppsagnir starfsfólks.

2.2.3. Karlar og konur skulu njóta jafnræðis í kjörum og réttindum. Greiða skal kynjunum jöfn laun fyrir jafngild störf. Einstaklingsbundin laun, svo sem hæfni- og árangursmiðuð laun, og aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á laun og kjör skulu byggjast á málefnalegum og rökstuddum forsendum, óháð kyni. Hjá Akraneskaupstað er ekki launaleynd.

2.2.4. Vinnustaðir og starfsumhverfi stofnana Akraneskaupstaðar skulu taka mið af þörfum beggja kynja. Við úthlutun verkefna, tilfærslu í starfi og mögulegar uppsagnir skal taka tillit til jafnréttissjónarmiða.

2.2.6. Hjá Akraneskaupstað er leitast við að nýta sveigjanlegan vinnutíma til að auðvelda starfsfólki af báðum kynjum að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og vinnu. Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, lækkuðu starfshlutfalli eða annarri hagræðingu eða breytingum á starfsfyrirkomulagi ef unnt er að koma því við og skal möguleiki á slíku fyrirkomulagi taka jafnt til karla og kvenna. (Sbr. grein 1.6 í Starfsmannastefnu Akraneskaupstaðar).

2.2.7. Kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni er með öll óheimil á vinnustöðum bæjarins og skal vinnuveitandi gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynferðislegt og kynbundið áreiti. Vísað er til 12. tl. 2. gr. jafnréttislaga um skilgreiningu á kynferðislegri áreitni og gr. 1.8 í B hluta starfsmannastefnu Akraneskaupstaðar um meðferð og viðbrögð við slíkum málum.

## **2.3. Akraneskaupstaður sem veitandi þjónustu**

Jafnréttissjónarmið skal flétta saman við alla þjónustu sem Akraneskaupstaður veitir. Skal þjónustan einkennast af góðum og jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu kynjanna.

2.3.1. Tryggja skal jafnt aðgengi kynjanna að þjónustu Akraneskaupstaðar. Við ákvörðun um skipulag og tilhögun þjónustunnar skal jafnt tillit tekið til karla og kvenna og áhrifa á hvort kyn fyrir sig.

2.3.2. Þess skal gætt að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í öllu uppeldis- og tómskundastarfi sem fram fer á vegum Akraneskaupstaðar. Sama máli gegnir um þá menntun og fræðslu sem er á forræði sveitarfélagsins.

#### **2.4. Akraneskaupstaður sem umgjörð um mannlífið**

Flétta skal jafnréttissjónarmið inn í bæjar- og menningarlíf sem skipulagt er af sveitarfélaginu.